

Sorphirðugjöld vegna íbúða eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjald dagar sorphirðugjalda eru fimm fyrir flokka A-E en einn fyrir flokk F.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast sérstaklega kr. 4.000 (án vsk.) fyrir tonnið. Spilliefni, s.s. olíur, eldsneyti og kælivökvi, skulu áður tekin af vélum á viðurkenndan hátt og skilað til móttökustöðvar.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.000 (án vsk.) fyrir tonnið.

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Fyrir steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o. þ.h. grófan úrgang greiðast kr. 200 (án vsk.) á rúmmetra.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa, meðan ekki er komið á kerfi fyrir ósneyðandi kælimiðla í samræmi við lög um spilliefnagjald.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Innheimta samkvæmt gjaldskrá þessari er gerð með sérstökum reikningi og er eindagi 30 dögum eftir útgáfu hans.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 304/1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. mars 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 79/1996 um amalammengað vatn og amalammengaðan úrgang frá tannlæknastofum.**

#### 1. gr.

Í 1. ml. 10. gr. falli „ , en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári“ á brott.

#### 2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. mars 1998.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*